

## Samningur um afnot af slægju- og beitolandi

Undirritaðir aðilar Sveitarfélagsins Hornafjarðar kt. 590169-4639 Hafnarbraut 27 sem leigusali og "Nafn xxxxx" kt. "xxxx" til heimilis "xxxxxx" sem leigutaki

gera með sér svofelldan samning.

- 1. gr. Hið leigða**

Leigutaki fær til afnota land nr. xxxx til slægðar, að stærð xxxxx ha. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir stærð og legu landsins. Uppdráttur þessi er hluti af samningi þessum.
- 2. gr. Afnot**

Landið er leigt til slægðar/beitar. Óheimilt er að nýta það til nokkurra annarra þarfa s.s til geymslu á hlutum, vélum eða tækjum.
- 3. gr. Búfjárleyfi.**

Leigutaki hefur búfjárleyfi nr. XXX
- 4. gr. Skyldur leigutaka**

Landið er leigt á grundvelli laga nr. 103 frá 15. maí 2002 um búfjárhald og reglugerðar nr. 129 frá 13 mars 1990 ásamt síðari breytingum, og reglur sveitarfélagsins um búfjárhald. Leigutaki hefur kynnt sér framangreind lög og reglugerð og ber að fara í hvívetna eftir ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar.
- 5. gr. Ástand hins leigða.**

Leigutaki tekur við landinu í því ástandi sem það er í við upphaf leigutímans og leigutaki hefur kynnt sér og sættir sig við í alla staði.
- 6. gr. Meðferð lands, girðingar o.fl.**

Leigutaka ber að fara þannig með beitolandið að gróðri verði ekki spillt með ofbeit. Leigutaki verður sér út um færanlega girðingu sem setja má upp 1. maí/ 15 ágúst ár hvert og verða að vera fjarlægðar eigi síðar en 1. desember ár hvert. Leigutaki skal beita hestunum með randbeit þar sem girðingar eru færðar reglulega til yfir beitartímann. Leigutaki skal tryggja að girðingar séu ætíð heldar og færa hross í örugga vörslu ef hross komast utan girðingar. Leigutaki skal hreinsa landið eftir þörfum og eiga sjaldnar en einu sinni á ári.

Á svæðum Ó1 – Ó7 og Álaugarey er óheimilt að hefja beit fyrir 15. ágúst ár hvert þar sem taka þarf tillit til fuglavarps á svæðinu.
- 7. gr. Skyldur leigusala.**

Leigusali tryggir leigutaka aðkomu að hinu leigða landi. Leigusali skuldbindur sig ekki til þess að leigutaki hafi aðgang að vatnsbólum.
- 8. gr. Leigutími**

Samningur þessi er tímabundinn. Landið er leigt til tveggja ára í senn frá og með 1.xxx með möguleika um framlengingu í tvö ár að þeim tíma loknum, með þeim notkunartakmörkunum sem getið er í gr. 6.
- 9. gr. Leigufjárhæð**

Árleg fjárhæð leigu er kr: XXX fyrir hvern hektara lands. Leigufjárhæðin tekur breytingum í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

**10. gr. Eftirlit leigusala.**

Leigusali á ætíð rétt til að fara um landið til skoðunar og eftirlits. Umsjónarmaður jarðeigna getur skorað á leigutaka að bæta úr meðferð landsins, þ.m.t girðinga o.fl., ef hann telur hættu á að það spillist s.s. vegna ofbeitar. Verði leigutaki eigi við slíkum áminningum innan tveggja vikna eða brjóti hann að öðru leyti gegn ákvæðum samnings eða lögum og reglugerðum varðar það riftun á leigusamningum. Leigusali áskilur sér rétt til að ákvarða legu girðingar og aðkomu að landinu.

**11. gr. Framsal leiguréttar.**

Framsal á leigurétti samkvæmt samningi þessum er óheimill hvort sem um lán eða leigu er að ræða.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, tveimur frumritum til handa leigusala og leigutaka.

Til staðfestu samningi þessum rita leigusali og leigutaki nöfn sín hér undir.

**Hornafirði** \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Leigutaki

\_\_\_\_\_  
Leigusali